

## AUGLÝSING

### um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum, og fjárlög fyrir árið 2024 hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

**a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:**

|  |                  |
|--|------------------|
| á veitusvæði HS Veitna                       | 7,49 kr./kWst.,  |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli* | 11,28 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli   | 8,86 kr./kWst.,  |
| á veitusvæði RARIK í dreifbýli*              | 10,29 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í þéttbýli                | 7,76 kr./kWst.,  |
| á veitusvæði Veitna ohf.                     | 7,34 kr./kWst.   |

\* Niðurgreiðslur í dreifbýli taka mið af dreifbýlisframlagi eins og það var 31. desember 2023 hjá dreifiveitum með heimild til dreifbýlisgjaldskrár.

**b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:**

|                   |                           |
|-------------------|---------------------------|
| RARIK             | 5,46 kr./kWst.,           |
| Orkubú Vestfjarða | 5,56 kr./kWst.,           |
| HS Veitur         | 201,06 kr./m <sup>3</sup> |

**c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðalverði niðurgreiddrar raforku til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

**d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og fjárlög fyrir árið 2024, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m<sup>3</sup>/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Auglýsing þessi gildir frá 1. janúar 2024.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 19. janúar 2024.*

F. h. r.  
**Ólafur Darri Andrason.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*